

Ed.

382. Nefndarállit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll.

Frá öðrum minni hluta fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefir ekki getað orðið á eitt sátt um frv. þetta. Tveir úr nefndinni, þeir J. Þ. og B. K., telja ekki ástæðu til að afla ríkissjóði frekari tekna en fást með gildandi lögum.

Við undirritaðir lítum hinsvegar svo á, að af reynslu síðasta árs, og að nokkru leyti einnig af reynslu ársins 1926, sje það ljóst, að með þeim tekjustofnum ríkissjóðs, er hann nú hefir samkvæmt gildandi lögum, muni allverulegur tekjuhali verða á yfirstandandi ári, sjerstaklega ef eitthvað af þeim frv., sem nú liggja fyrir Alþingi og hafa í för með sjer aukin útgjöld fyrir ríkissjóðinn, verða samþykkt, sem nokkrar líkur virðast fyrir, að verði.

Einnig lítum við svo á, að ekki verði hægt að afgreiða fjárlagafrumvarp það fyrir árið 1929, sem nú liggur fyrir þinginu, tekjuhallaust, ef ekki er sjeð fyrir auknum tekjum, nema á þann hátt, að dregið verði úr verklegum framkvæmdum frá því, sem verið hefir undanfarið, svo sem byggingu brúa og vega, símalagningu o. fl. Vlijum við ekki leggja til, að sú leið verði farin."

Eunfremur virðist okkur, að svo verði að ganga frá tekjum ríkissjóðs nú á þessu þingi, að tekjuhali sá, sem varð á árinu 1927, sem fjármálaráðherra hefir skýrt frá, að nema muni um eða yfir 800 þús. krónum, greiðist upp af tekjum áráanna 1928 og 1929.

Ef frv. þetta nær fram að ganga óbreytt, má gera ráð fyrir alt að 430 þús. kr. tekjuauka af því árið 1929, en tæplega meira en 200 þús. kr. tekjuauka á yfirstandandi ári. Er það því auðsætt, að fleiri ráða verður að leita um tekjuöflun ríkissjóði til handa, ef fjárhagnum á að vera forsvaranlega borgið.

Þessi leið til tekjuöflunar virðist okkur vel fær, þar sem segja má, að Alþingi 1926 hafi, eftir því sem reynslan hefir sýnt, gert sjer of hjartar vonir um afkomu ríkissjóðs, er það færði vörutollinn niður. Í frv. er gert ráð fyrir að

færa lög in í sama horf og þau voru 1924—1926. Hinsvegar teljum við, að á þessu þingi verði að skipa millipinganevnd til þess að endurskoða tolla- og skattalöggjöfina.

Af ástæðum þeim, er hjer að framan greinir, leggjum við til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. mars 1928.

Ingvar Pálmason,
form. og frsm.

Einar Árnason.